

Þórir Ólafsson:

STUTT ÁGRIP ÚR SÖGU GOLFKLÚBBSINS DALBÚA 1989 - 2009

Tekið saman í tilefni af 20 ára afmælishófi í Miðdal, 15. ágúst 2009

Okkar ágæti formaður, Hafþór B. Guðmundsson, fór þess á leit við mig að ég tæki saman stutt ágríp úr sögu Golfklúbbsins Dalbúa, einkum fyrstu árána, í tilefni af 20 ára afmæli klúbbsins. Hef ég stuðst við gögn frá fyrri stjórnarmönnum Dalbúa, fyrst og fremst ársskýrslur en einnig fundargerðir og bréf. Við lokafrágang fékk ég gögn og upplýsingar frá Hilmar Einarssyni, Jóni Þ. Hilmarssyni, Þrání Hafsteinssyni og fyrrverandi formanni FBM, Sæmundi Árnasyni, sem komu að góðum notum.

Stofnfundurinn var haldinn 19. ágúst 1989 í Menntaskólanum að Laugarvatni. Alls mættu fimmtíu og fimm einstaklingar á fundinn og skráðu sig sem stofnfélaga klúbbsins. Þráinn Hafsteinsson forstöðumaður nýstofnaðrar Íþróttamiðstöðvar Íslands að Laugarvatni setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og skipaði Jón Jónsson fulltrúa HSK fundarstjóra. Fyrsta mál á dagskrá fundarins var tillaga um að stofna golfklúbb á Laugarvatni og var hún samþykkt samhljóða með lófaklappi. Síðan voru lögð fram og rædd drög að lögum fyrir klúbbinn. Voru þau síðan samþykkt samhljóða. Í 1. grein segir: *Félagið heitir Golfklúbburinn Dalbúi, Laugarvatni og er aðili að Héraðssambandinu Skarphéðni*. Aðrar greinar voru hefðbundnar lagagreinar fyrir golklúbba.

Því næst var kosin 6 manna bráðabirgðasjórn og henni falið að undirbúa fyrsta aðalfund klúbbsins í lok sept.

Þráinn skýrði frá gangi mála varðandi golfvallargerð, en verið væri að kanna hvort túnin neðan við Menntaskólann gætu hentað fyrir golfvöll og hafði Hannes Þorsteinsson verið fenginn til að hanna völlinn (sýna teikningar). Leitað hafði verið til skólanefndar Héraðsskólans um afnot af landinu.

Þórir heimamenn á Laugarvatni, Eiríkur Eyvindsson framkvæmdastjóri Sameigna skólanna, Hilmar Einarsson byggingafultrú og Þórir Þorgeirsson oddviti, tóku til máls, fögnuðu því að stofnaður væri golfklúbbur á Laugarvatni en lögðu áherslu á að fá þyrfti tilskilin leyfi til að byggja golfvöll. Þórir taldi að ekkert þyrfti að standa í vegi fyrir því að fá umrætt land til afnota.

Fleiri tóku til máls og var mikill hugur í heimamönnum, sumarbústaðaeigendum og stjórnendum Íþróttamiðstöðvar Íslands að Laugarvatni.

Fimmtíu og fimm sátu stofnfundurinn eins og áður segir, en á fyrsta aðalfundi klúbbsins, 6 vikum síðar, var skráð félagatala komin í 94. Á þeim fundi, 30. sept. 1989, var kosin fyrsta stjórn samkvæmt 9. gr. laga klúbbsins :

formaður: Gunnar Schram
gjaldkeri: Hilmar Einarsson
ritari: Sighvatur Arnarson

Stjórnin hófst þegar handa við undirbúning golfvallargerðar og er því starfi best lýst með því að lesa kafla úr bréfi stjórnarinnar 11. júlí 1990 til félagsmanna.

„V ið höfum haft náð og mjög gott samráð við stjórn Íþróttamiðstöðvar Íslands um útvegum lands og aðra framkvæmdaþætti. Af hálfu skólayfirvalda hefur fengist bráðabirgðaheimild til nýtingar landsins neðan skólanna, en samningar um leigu landsins til 40 ára standa nú yfir við menntamálaráðuneytið. Fyrr í sumar voru brautir slegnar og valtaðar og í gær var svo þeim mikla áfanga náð að gerðar voru 5 holur og flögg sett niður. Getum við því greint félögum frá þeim gleðitíðindum að nú þegar er unnt að byrja að æfa og spila á vellinum og vonandi bætist sjötta holan fljótlega við.“

Og síðar í bréfinu segir:

„Við bjóðum öllum félögum Dalbúa upp á endurgjaldslausu kennslu í golfi á hinum nýja velli laugardaginn 21.júlí kl. 13 -16“

Daginn eftir þessa helgi skrifa forstöðumaður íþróttamiðstöðvarinnar og formaður golfklúbbsins menntamálaráðuneytinu bréf þar sem óskað er eftir leigu til langs tíma á spildum á túnum Héraðsskólans fyrir 9 holu golfvöll.

Af gögnum klúbbsins að sjá virðist ekki hafa borist formlegt svar frá ráðuneytinu og því ljóst að við ramman reip var að draga við uppbyggingu golfvallar á Laugarvatni. Í bréfi stjórnar Dalbúa til félaga í júlí 1992 segir m.a.

„ . . . nú má telja völlinn sæmilegan æfingavöll, 6 holur. Þá hefur þúttvöllur verið gerður við hlið Héraðsskólans og er það góð viðbót. Enn bíðum við eftir að skipulag Laugarvatns verði staðfest svo unnt verði að hefja frekari framkvæmdir“ (tilvitnun Lýkur).

En skjótt skipast veður í lofti. Í gögnum um aðalfund Dalbúa í október 1992, er þrjú ár voru liðin frá stofnfundi, segir m.a.

„... umræður urðu allmiklar um málefni klúbbsins, ma. endurbætur á vellinum, nauðsyn þess að fá botn í skipulagsmál svæðisins o.fl. Á fundinum greindu fulltrúar Félags bókagerðarmanna frá því að áhugi væri fyrir því innan félagsins að stofna til golfvallar í Miðdal þegar jörðin losnar úr ábúð á fardögum 1994. Vildi félagið hafa samvinnu við Dalbúa um það mál. Var þessu erindi vel tekið af félögum á aðalfundinum.“ (Þessi tilvitnun og þær næstu eru teknar úr ársskýrslu 1992-93, þar sem sagt er frá þessum umræðum.)

Í ársskýrslu Dalbúa 1992-1993 segir einnig m.a. *„enn hefur ekki fengist staðfest skipulag Laugarvatns og því ekki svæði vallarins.“* Og þar segir ennfremur: *“Stjórn Dalbúa hefur lýst miklum áhuga á samvinnu við Félag bókagerðarmanna um gerð golfvallar í Miðdal og rekstur hans.“*

Samningar um að gera golfvöll í Miðdal tókust síðan snemma sumars 1994. Strax var hafist handa um gerð 9 holu golfvallar sem var opnaður um miðjan júlí. Klúbburinn fékk jafnframt til afnota neðstu hæðina í Miðdal fyrir klúbbhús. Kom það að góðum notum þar til við höfðum lokið byggingu golfskálans vorið 1999.

Uppbygging þessa glæsileg golfvallar og skála sem við njótum hér í dag er stórvirki. Þar hafa ýmsir verktakar, stjórnarmenn klúbbsins og fjölmargir félagar lagt hönd á plóginn. Umsjónarmenn vallar og skála hafa einnig gegnt stóru hlutverki, eins og sjá má af verkum Guðmundar Sigmundssonar og Ragnhildar Bender sem nú halda utan um reksturinn. Þau tóku við af Bjarna Dan Danielssyni sem vann markvisst að bættum tækjakosti og að lagningu vökvunarkerfis á flatir, sem svo sannarlega hefur komið að góðum notum í sumar.

Of langt mál er að rekja þessa sögu nánar hér, nægja verður að nefna þá sem hafa verið í forystu, hafa stjórnað „drævernum“ og slegið markviss högg að settu marki. Það er ekki síst okkar lán hve framsýnir og kröftugir formenn Dalbúa hafa verið frá upphafi. Þau eru:

Gunnar Schram 1989 – 2000;

Jón Þ. Hilmarsson 2000 - 2002;

Hafdís Ingimundardóttir 2002 - 2004;

Hafþór B. Guðmundsson frá 2004.

Hafdís og Jón eru bæði, auk Gunnars, stofnfélagar og hafa gegnt stjórnunar- og nefndastörfum miklu lengur en formennskuárin sýna. Jón hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum frá 1990, var m.a. gjaldkeri 1996 – 2000 og á enn sæti í einni af nefndum klúbbsins. Hafþór byrjaði ekki í golfi að ráði fyrr en um aldamótin en varð fljótt mjög virkur í klúbbnum.

Fjölmarginir aðilar hafa stutt uppbygginastarf Dalbúa og vil ég nefna þá helstu:

- Íþróttamiðstöð Íslands og Íþróttasjóður studdu vel við uppbygginuna á Laugarvatni.
- Hér í Miðdal lögðu Félag bókagerðarmanna og Laugardalshreppur mest í pottinn fyrstu árin, en síðan höfum við einnig notið góðs stuðnings og samstarfs við Rafiðnaðasamband Íslands og Vélstjórafélag Íslands (nú heitir VM, félag vélstjóra og málmæknimanna).
- Margir fleiri hafa stutt Dalbúa með kaupum sumarkorta, auglýsingum, styrkjum o.fl.

Að lokum vil ég þakka stjórn Dalbúa, afmælisnefndinni og umsjónarmönnum vallar og skála fyrir frábæran undirbúning hátíðar okkar í tilefni af 20 ára afmæli klúbbsins.